

**Ed.**

## **106. Breytingartillögur**

við frv. til l. um eftirlit með skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 6. gr.
  - a. 2. málsg. orðist þannig:  
Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi nema með leyfi ráðherra.
  - b. 3. og 4. málsg. falli niður. Í stað þeirra komi:  
Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr. Dýrtiðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrir-mælum almennra launalaga.  
Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna að-stoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.
2. Við 10. gr. Fyrri másl. orðist þannig:  
Ráðherra setur skipaeftirlitsmönnum starfsreglur, en þóknun til þeirra skal ákveðin í fjárlögum.
3. Við 17. gr. Í stað „9. gr. a.“ komi: 11. gr. a.
4. Við 19. gr. Síðari másl. 2. málsg. orðist þannig: Fyrir áritun þessa greiðir skipseigandi hálfu minna stimpilgjald en fyrir útgáfu haffærisskirteinis.